

FORMANNAFUNDUR

**haldinn á sjöunda landsmóti Gígjunnar, landssambandi íslenskra kvennakóra,
á Hornarfirði 27. apríl 2008**

Fundinn sátu:

Ingveldur Pétursdóttir	Kyrjukórinn Þorlákshöfn	andresk(hjá)toppnet.is
Helga N. Steinsdóttir	Kvennakór Hafnarfjarðar	helgamv(hjá)simnet.is
Helga Jakobsdóttir	Kvennakór Suðurnesja	olafuringi(hjá)simnet.is
Margrét G. Schram	Senjorítur	helgihallgrimsson(hjá)simnet.is
Helga Melsteð	Kvennakór Garðabæjar	helgasm(hjá)hive.is
Anna María Sigurjónsdóttir	Kvennakór Garðabæjar	
Jófríður Guðmundsdóttir	Kvennakór Kópavogs	kvennakorkopavogs(hjá)gmail.com
Sigrún Óskarsdóttir	Gígjan	sigrun(hjá)brostu.com
Olga H. Valsdóttir	Kvennakórinn Ljósbrá	artun3(hjá)simnet.is
Halla Baldursdóttir	Jórukórinn Selfossi	halla(hjá)vallaskoli.is
Sæunn Marta Sigurgeirsd.	Seljur	saeunn(hjá)simnet.is
Ragnheiður Rafnsdóttir	Kvennakór Hornafjarðar	raggara(hjá)simnet.is
Ragna Karlsdóttir	Kvennakór Reykjavíkur	rk(hjá)isor.is
Laufey Valdimarsdóttir	Seljur	laufey3(hjá)gmail.com
Inga J. Arnardóttir	Kyrjurnar	ingaja(hjá)landspitali.is

Ragnheiður formaður Kvennakórs Hornarfjarðar setti fundinn og bauð kórkonur velkomnar.

1. Kynning á fundarmönnum

Kórkonur kynntu sig og sögðu frá því hvaðan þær komu.

2. Landsmótið

Farið var í gegnum landsmótið. Allar voru sammál um að sérlega vel hefði tekist til, skipulag allt til fyrirmyndar og allar tímasetningar staðist. Óvissuferðin kom öllum mjög á óvart og var mikil upplifun og mjög skemmtileg. Í mótsskránni var góð samantekt um alla kórana sem tóku þátt. Það eina sem nefnt var að betur hefði mátt fara var söfnun texta um hvern kór í mótsskránni. Sumar höfðu ekki fengið textann til yfirlestrar, aðrar fengu beiðni um textann með mjög stuttum fyrirvara. Það má byrja fyrr að safna þessum upplýsingum. Það var þó ekki mikið um rangar upplýsingar. Það mátti finna mikinn samhug kórkvenna, eiginmanna þeirra sem tóku mjög virkan þátt í undirbúningi og vinnu á mótinu. Einnig var greinilegt að allir bæjarbúar fyldest vel með og fengu margar konur bílferð milli húsa. Lykilatriði í svona skipulagi er að byrja strax og skipta verkum. Þriggja manna mótsnefnd var skipuð strax og síðan fékk hver einasta kórkona hlutverk.

3. Næsta landsmót

Ákveðið var að næsta landsmót yrði á Selfossi, Jórukórinn mun halda það. Þær munu fá gátlista frá þessu landsmóti, sem er uppfræður frá síðasta landsmóti þar á undan. Það er mikilvægt að láta slíkar upplýsingar ganga milli kóranna. Það er mikill hugur í Jórukórnum.

4. Önnur mál

4.1 Vinnuhóparnir á landsmótinu

Góður rómur var gerður að fyrirkomulagi vinnuhópanna. Hver kórkona mátti velja sér hóp, kórarnir voru ekki skikkaðir til að vera saman. Það er mjög lærdómsríkt að kynnast nýjum kórstjórum, undirleikurum og syngja með öðrum en maður er vanur. Fleiri kórstjórar voru virkjaðir í þessari vinnu og heppnaðist það mjög vel.

4.2 Upptaka á tónleikunum

Báðir tónleikarnir voru teknir upp og verða settir á geisladisk sem hægt verður að kaupa. Kórarnir munum fá upplýsingar þegar það er tilbúið.

4.3 Upptökutæki sem Kvennakór Kópavogs notar

Jófríður í Kvennakór Kópavogs sagði frá upptökutæki sem þær fjárfestu í til að taka upp allar æfingar. Upptökurnar eru botnar niður í forriti sem heitir Wave Pad og sendar á pósthóp kórsins þar sem allar geta nálgast þær. Einnig er hægt að taka upp hverja rödd fyrir sig. Þetta tæki spara mikinn tíma á kóræfingum og flýtir fyrir við að læra músíkina. Einnig eru allir tónleikar teknir upp og settir á disk til minningar. Jófríður er tilbúin að gefa nánari upplýsingar um notkun tækisins.

4.4 Sibelius

Kvennakór Garðabæjar notar forritið Sibelius og eru lögin sett á heimasíðu kórsins.

4.5 Fjármál

Nokkuð var rætt um fjármál og rekstur kóranna. Mjög mismunandi aðstaða er hjá kórnum, margir æfa í fríu húsnæði, sumir eru alltaf með undirleikara, sumir fá fasta styrki frá sveitarfélaginu sem þeir eru í (þeir eru nokkuð misháir). Ákveðið var að stofna pósthóp með netföngum formanna til að hafa vettvang til samskipta um ýmis mál. Það getur verið gagnlegt að geta leitað til annarra í ýmsum málefnum. Ritari tók að sér að búa til þennan hóp og koma málinu af stað.

Ekki fleira rætt.

Inga J. Arnardóttir, formaður Kyrjanna ritaði fundargerð.